



# FRÉTTABRÉF

*Ferðamálafélags Hríseyjar*

# KARRINN

**Nóvember 2016**  
10. árgangur 10.tölublað



Mynd: Þorsteinn Þorsteinsson.

## ***Hríseyjarfréttir***

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni  
[www.hrisey.is](http://www.hrisey.is)

## Hugleiðingar stjórnar

Nú gefum við út Karrann tíunda árið í röð. Á þessum tíu árum er gaman að fara yfir það sem Ferðamálafélagið hefur staðið fyrir í aðventunni. Fyrst ber að nefna grautardagana sem nú eru orðnir 53 síðan í apríl 2008 en fyrsti möndlugrautur var 2011. Kveikt er á jólatrénu í byrjun aðventu og dansað í kring um það og á eftir er boðið upp á kakó og smákökur. Einnig eru veittar viðurkenningar fyrir fallegar jólaskreytingar. Fyrir utan þetta þá hefur Eyfar boðið eyjaskeggjum og gestum upp á hangikjöt og tilheyrandi í desember, slysavarnarfélagið verið með árlegt jólabingó, ungmennafélagið Narfi haldið jólaball á annan í jolum og séð dreifingu jólapóstsins á þorláksmessu, gallerí Perla haldið jólamarkað og ýmislegt fleira hefur verið um að vera á þessum skemmtilega tíma, aðventunni. Höfum gaman saman og tökum þátt í því sem er í boði. Við óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir  
Ingimar Ragnarsson  
Linda María Ásgeirsdóttir  
Þórunn Björg Arnórsdóttir  
Þorgeir Jónsson  
Þröstur Jóhannsson



## Brothættar byggðir

Byggðaverkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar. Sumarið 2015 var Hrísey tekin inn í byggðaþróunarverkefnið Brothættar byggðir, sem hefur verið þróað og mótað af Byggðastofnun. Markmiðið með byggðaþróunarverkefninu er að leiða fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum byggðarlagsins og leita lausna í samvinnu við sveitarfélagið, ríkið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, brottflutta íbúa og aðra. Í mars sl. var haldinn íbúafundur í Íþróttahúsinu í Hrísey þar sem kynnt voru drög að stefnumótun fyrir verkefnið í Hrísey. Stefnumótun hafði þá verið í vinnslu hjá verkefnisstjórn og verkefnastjóra í nokkra mánuði. Á fundinum kom fram að íbúunum finnst mikilvægt að vinna betur með sérstöðu og ímynd eyjarinnar. Standa þurfi betur að markaðssetningu Hríseyjar sem vænlegs búsetukosts, skoða hvort hægt sé að laða fleira ungt fólk til Hríseyjar auk þess að huga sérstaklega að þörfum eldri borgara. Umhverfismál og umhirða voru mörgum ofarlega í huga. Kallað var eftir samstillingu ferju og almenningsganganga uppi á landi og að athugað yrði hvort raunhæft sé að hafa ferjuna gjaldfrjálsa og fjölga þannig ferðafólki og jafnvel íbúum. Sérstaða Hríseyjar sem áfangastaðar ætti að vera meginþema í ferðaþjónustunni og tengjast þannig heilbrigðum lífsstíl með áherslu á náttúru eyjarinnar. Einnig komu fram hugmyndir um eflingu atvinnu á sviði fjarvinnslu og símsvörunar, framleiðslu á afurðum sem byggðu á hreinleika eyjarinnar og fleira.

Stefnumótun fyrir byggðapróunarverkefnið er aðgengilegt inni á Facebooksíðu verkefnisins sem heitir *Hrísey, perla Eyjafjarðar*. Einnig er hægt að nálgast hana inni á [hrisey.is](http://hrisey.is).

Veittir eru verkefnastyrkir á vegum Brothættra byggða til próunarverkefna og annarra samfélagsefandi verkefna á þeim svæðum sem taka þátt. Sumarið 2016 voru veittir sjö styrkir til jafn margra verkefna í Hrísey. Nú í nóvember voru aftur auglýstir styrkir og er úthlutun þeirra í vinnslu. Heildarstyrkfé sem úthlutað verður á árinu 2016 er kr. 10.000.000. Nú strax í byrjun næsta árs er áætlað að halda íbúafund og fara yfir stöðu verkefnisins.

Stefnumótunin verður yfirfarin við það tækifæri og breytt ef ástæða er til. Fundartími verður auglýstur síðar.

Bestu kveðjur

Helga Íris Ingólfssdóttir  
Verkefnisstjóri Brothættra byggða í Hrísey og Grímsey  
[helgairis@akureyri.is](mailto:helgairis@akureyri.is) S:690-2333



## Ungmennafélagið Narfi

Á árinu 2016 stóð Ungmennafélagið Narfi fyrir íþróttæfingum á vor- og haustönn í íþróttamiðstöðinni. Foreldrar hafa saman hjálpast að við íþróttaskóla fyrir leikskólabörn, fyrir grunnskólabörn hafa verið fótboltaæfingar í umsjá Stefáns Geirs og leikjatímar í umsjá Ingólfs. Fullorðnir hafa tíma í fótbolta einu sinni í viku og svo er blak, badminton og ringó til skiptis einu sinni í viku. Ringó er íþrótt sem við kynntumst á árinu en félagið keypti sérstaka ringó hringi í íþróttahúsið ásamt því að gefa skólanum tvo hringi og blaknet sem sett var upp á skólalóðinni á haustdögum. Ringó er svipað og blak en í staðinn fyrir bolta eru notaðir tveir hringir og er þeim kastað yfir net og eiga mótherjar að grípa og kasta yfir aftur.

Þar sem börnin í Hrísey voru dugleg við að hjálpa okkur að selja dagatal félagsins í desember buðum við þeim í skautiferð til Akureyrar í lok febrúar. Allir skemmtu sér vel og það komu allir heilir heim af svellinu.

Hreyfivika UMFÍ var haldin 23.-29. maí og stóð Umf. Narfi fyrir fjölbreyttri dagskrá í tilefni þess að hún var haldin í annað skipti. Við gengum Litla hringinn, Ragga sundþjálfari kom og var með sundtíma fyrir leikskólabörn, grunnskólabörn og fullorðna. Íþróttaskóli fyrir leikskólabörn, handbolti fyrir grunnskólabörn með Siffa, badminton fyrir fullorðna, ringó fyrir grunnskólabörn og fullorðna, útlitleikir og frisbígolf.

Ingi Freyr fór hjólaferð með grunnskólabörnum og endað var á því að hoppa á ærslabelgnum og grilla pylsur á hátíðarsvæðinu fyrir þátttakendur Hreyfivikunnar. Hríseyingar stóðu sig vel í sundkeppni sveitarfélaganna, syntu af kappi og enduðu í 2. sæti, syntu 413 metra á hvern íbúa, samtals 64.375 km. Við lendum í 3. sæti í fyrra með 250.5 metra á hvern íbúa svo við höfum bætt okkur mikið milli ára og við stefnum á fyrsta sæti í Hreyfivikunni 2017! Þetta var skemmtileg og viðburðarrík vika og hvetjum við alla til að taka þátt með okkur í næstu Hreyfiviku UMFÍ sem verður 29.-4. júní 2017.

Því miður tókst ekki að halda hátíðarhöld á 17. júní en vonandi náum við að gera eitthvað meira í staðinn næsta sumar.

Félagið keypti vallarmálningu og rúllur og voru málaðar línur umhverfis fótboltavöll á hátíðarsvæðinu en farið var með fótboltamörkin af skólalóðinni niður á svæði í sumar.

Félagið mun gefa út dagatal fyrir árið 2017 líkt og þrjú síðustu ár. Verður gengið í hús í Hrísey í byrjun desember og vonum við að vel verði tekið á móti sölufólkinu okkar. Dagatal kostar 2.500 kr.

Ungmennafélagið Narfi óskar iðkendum sínum, félagsmönnum og Hríseyingum öllum gleðilegra jóla, með þökk fyrir árið sem er að líða.

**Stjórnin**

## ***Viðburðir í desember.***

### ***Hríseyjarkirkja***

Aðventustund í Hríseyjarkirkju laugardaginn

**3. desember kl. 17:00.** Sr. Magnús hefur umsjón.

Að lokinni stund verður farið í kirkjugarðinn og kveikt á leiðalýsingu.

Aðfangadagur jóla.

Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju **24. desember kl. 17:00.** Sr. Oddur Bjarni predikar.

### ***Sóknarprestar***

### ***Möndlugrautur í Hlein***

**Laugardaginn 3. desember** verður boðið upp á graut með möndlu og að sjálfsögðu slátur, nýtt og súrt. Verðlaun fyrir möndluna.

### ***Stjórn Ferðamálafélagsins.***

### ***Hríseyjarskóli***

Jólafondur laugardaginn **3. desember.**  
Litlu jólin **20. desember kl. 10:00.**

## ***Kveikt á jólatrénu***

Miðvikudaginn 30. nóvember kl.17:00. Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Hríseyjarbúðinni.

## ***Gallerí Perla***

Endilega hafið samband ef þið viljið kíkja í Perluna fyrir jólin. Mikið úrval af vörum í jólapakkann.

***Vinsamlega hringið í síma: 892-3014.***

## ***Litlu jólin hjá Eyfar***

Föstudaginn 16. desember kl. 18:00 verða litlu jól Eyfars. Þau eru haldin í Íþróttamiðstöðinni.

## ***Flugeldasala Björgunarsveitarinnar***

Flugeldasalan verður 28. – 31. desember í húsnæði sveitarinnar að Ægisdötu 13.

Opið frá kl. 16:00 – 20:00 miðvikudag – föstudags og kl. 11:00 – 14:00 á gamlársgötu.

***Björgunarsveitin***

## ***Verbúðin 66***

### **Jólahlaðborð**

Laugardaginn 3. desember kl. 20:00

### **Jólaglögg og kósýkvöld**

Laugardaginn 17. desember kl. 20:30.

### **Skötuveisla**

Þorláksmessa kl. 18:00

Vinsamlegast pantið fyrir 20. desember

**Nánari opnun og viðburðir í desember auglýst síðar.**

## ***Verbúðin 66.***

## ***Jólabingó Slysavarnarfélagssins***

Jólabingó verður í desember. ***Nánar auglýst síðar.***

## ***Áramótabrenna***

**Kveikt verður í áramótabrennunni á gamlársgötu kl. 17:00.**

## ***Jólaljósaviðurkenning***

Veitt verður viðurkenning fyrir fallegar jólaskeytingar  
**22. desember kl.17:00 í Hríseyjarbúðinni**

***Stjórn Ferðamálafélagsins.***

## ***Jólapósturinn 23. desember***

Móttaka jólapósts í Hríseyjarbúðinni milli kl. 13:00  
og 15:00.

***Ungmennafélagið Narfi.***

## ***Jólatrésskemmtun***

*Jólatrésskemmtun* verður haldin 26. desember í  
Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 14:00**. Dansað verður í  
kringum jólatréð og allir krakkar fá eitthvað góðgæti  
frá jólasveinunum sem mæta á svæðið.

Léttar veitingar í boði. Enginn aðgangseyrir verður  
innheimtur. Tekið verður á móti frjálsum framlögum til  
styrktar félaginu.

Allir velkomnir.

***Ungmennafélagið Narfi.***

## ***Íþróttamiðstöðin jóla og áramót***

**Þorláksmessa - 23. desember - lokað**  
**Aðfangadagur - 24. desember - lokað**  
**Jóladagur - 25. desember - lokað**  
**Annar í jólum - 26. desember - lokað**  
**27. desember - opið 15:00 - 19:00**  
**28. desember - opið 15:00 - 19:00**  
**29. desember - opið 15:00 - 19:00**  
**30. desember - opið 15:00 - 18:00**  
**Gamlársdagur - 31. desember - lokað**  
**Nýársdagur - 1. janúar – lokað**

## ***Hríseyjarbúðin***

**Þorláksmessa - 23. desember:** Venjuleg opnun  
**Aðfangadagur - 24. desember:** 10:00 – 12:00  
**Annar í jólum - 26. desember:** Lokað  
**27. desember:** Venjuleg opnun  
**28. desember -** Venjuleg opnun  
**29. desember -** Venjuleg opnun  
**30. desember -** Venjuleg opnun  
**Gamlársdagur - 31. desember:** 10:00 – 12:00  
**Nýársdagur - 1. Janúar:** Lokað  
**2. Janúar:** Lokað

## ***Hríseyjarbúðin***

### **Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.**

Stjórn og starfsfólk Hríseyjarbúðarinnar óskar Hríseyingum, sumarhúsaeigendum og öðrum gestum eyjarinnar gleðilegra jóla, þökkum fyrir viðskiptin á árinu.

## ***Fótsnyrting***

Fótaaðgerðarfræðingur kemur til Hríseyjar eftir þörfum. Þanta þarf tíma hjá Rósu Káradóttur í síma 466 1769/694 8652.

## ***Bókasafn Hríseyjar***

Opið á fimmtudögum frá kl.16:30 - 18:30.

Bókasafnið verður opið alla fimmtudaga í desember. Jólábækur, piparkökur og heitt á könnunni.

Þann **8. desember verður spiladagur** á bókasafninu. Allir velkomnir, hittumst og spilum saman. Endilega takið með ykkar uppáhalds spil.

***Verið velkomin á bókasafnið.***

## ***Fréttir úr Hríseyjarskóla***

Hríseyjarskóli var settur 22. ágúst sl. og voru allir mættir glaðir og hressir eftir gott sumar. Skólustarfið hefur gengið mjög vel og veðrið hefur leikið við okkur. Síðast liðið vor fengu Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli úthlutað úr sprotasjóði til þróunarstarfs í skólunum. Verkefnið heitir „leiðtogar í eigin námi“ og höfum við verið að vinna að þessu verkefni í samstarfi við Grímseyjarskóla. Helstu markmið verkefnisins er m.a.

- Að efla skólasamfélögin í eyjunum. - Að nýta kosti þess að vera með aldursblandaðan nemendahóp sem spannar aldur allt frá leikskóla til loka grunnskóla. - Að kenna nemendum að skipuleggja nám sitt sjálfir með aðkomu foreldra. - Að losa um stundaskrá og opna möguleika á lotutengdu og áhugasviðstengdu námi. - Að nýta þekkingu gesta eyjanna til að efla fróðleiksfýsn og leiðsagnarhæfileika. -Að þjálfva nemendur í samskiptum, gera þau sjálfstæð í námi og að þeir þekki leiðir til að leysa viðfangsefni sem þeir sjálfir hafa valið að læra. - Að auka fjölbreytni náms í fámennum skóla. - Að leggja megináherslu á einstaklinginn út frá hans áhugasviði og hæfni, ekki einblína á aldur.- Að nemendur læri að nýta tæknina til framdráttar í námi sínu.- Að styrkja grunnskóla í eyjasamfélögum Akureyrar sem miðpunkt mennta fyrir alla aldurshópa og sem skapandi smiðju á hvorum stað.- Að nýta menntun til að styðja við menningarstarfsemi enn frekar.- Að leita leiða til að nýta styrkleika eyjabúa og gesta til að leggja

skólanum lið.- Að nýta einstaka náttúru eyjanna til náms og kynningar. - Að nýta tæknina til að auka fjölbreytni og opna valmöguleika fyrir blandaða námshópa. - Að forritun verði hluti af verkefninu og nemendur hvattir til skapandi verkefnaskila. Verkefnið á að skila okkur sterkari nemendum og sterkari eyjaskólum. Meiri samskiptum og kunningskap á milli skólanna og fjölbreyttari valgreinum fyrir nemendur með nýtingu tækni. Og vonandi verða skólarnir staður þar sem íbúum finnst gott að koma og staldra við, leggja jafnvel eitthvað af mörkum og eiga góðar samverustundir, þannig að skólinn verði „hjarta eyjunnar“.

Nú er desember framundan og nóg að gera hjá okkur, við höldum í hefðir frá fyrri árum, málum gluggana, skerum út laufabrauð, bökum piparkökur, skrifum á jólakort, útbúum jólagjafir og fönndrum.

Við í Hríseyjarskóla óskum öllum Hríseyingum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og vonum að nýja árið munu færa ykkur gleði og kærleika.

Njótið aðventunnar með fjölskyldu og vinum.



## ***Handgerð kerti***

Til sölu handgerð kerti tilvalin í jólapakkann.

Rósa Káradóttir símar 466-1769/694-8652.

## ***Hrísið***

Tilvalin jólagjöf frá Hrísey. Höfum til sölu þurrkaða hvönn, te og krydd einnig hvannar og kerfilste. Vottuð vara, laus við öll aukaefni.

Hafið samband við Bjarna í síma 821 8318.

## ***Ruslahugleiðing***

Nú er kominn sá tími ársins þegar allt fyllist af bæklingum og pappír. Mikilvægt er að vera duglegur að flokka sorpið og vanda flokkunina. Desember er sá mánuður sem neyslan er í hámarki á öllum sviðum. Tökum saman höndum og strengjum þess heit að flokka vel og vandlega alltaf.

**Ruslakarlarnir.**



# **Áætlun Sævars jól og áramót**

## **Aðfangadagur og gamlársgdagur:**

Frá Hrísey: 09:00.....Frá Árskógssandi: 09:30  
11:00.....11:30  
13:00.....13:30  
16:00.....16:30

## **Jóladagur og nýársdagur:**

Frá Hrísey: 11:00.....Frá Árskógssandi: 11:30  
13:00.....13:30  
17:00.....17:30  
21:00.....21:30

Á aðfangadag og gamlársgdag er ferð kl. 07:00  
upphringiferð.

Aðrir dagar samkvæmt núgildandi áætlun.

**Síminn í Sævari er 695 5544.**

**Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar – [www.hrisey.is](http://www.hrisey.is)**

**Ábyrgðarmaður: Stjórn.**